

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/44/EB**  
**frá 25. maí 1999**  
**um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi(\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. maí 1999 <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. og 3. mgr. 153. gr. sáttmálans skal bandalagið stuðla að háum neytendaverndarstaðli með þeim ráðstöfunum sem það samþykkir í samræmi við 95. gr. hans.
- 2) Innri markaðurinn skal ná til svæðis án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir fólksflutningar, frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar. Frjálsir vöruflutningar varða ekki einungis atvinnurekendur heldur einnig einstaklinga. Þetta þýðir að neytendum, sem búsettir eru í einu aðildarríki, ætti að vera frjálst að kaupa vörur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á grundvelli fátta sanngjarnra, samræmdra reglna um sölu neysluvara.
- 3) Lög aðildarríkjanna um sölu neysluvara eru að mörgu leyti ósambærileg og af því leiðir að markaðir fyrir neysluvörur eru mjög mismunandi í aðildarríkjunum og samkeppni milli seljenda getur raskast.
- 4) Neytendur, sem sækjast eftir því að notfæra sér kosti stórs markaðar með því að kaupa vörur í öðru aðildarríki en þar sem þeir eru búsettir, gegna mikilvægu hlutverki við að koma innri markaðnum á Vinna ber gegn því að landamæri séu búin til á ný og að markaðir séu hólfaðir niður. Tækifæri neytenda hafa aukist mjög við tilkomu nýrrar fjarskiptatækni sem veitir greiðan aðgang að dreifikerfum annarra aðildarríkja eða þriðju ríkja. Hætta er á að hömlur verði á sölu vara með nýrri fjarskiptatækni ef ekki fer fram lágmarkssamhæfing á þeim reglum sem gilda um sölu neysluvara.
- 5) Samning sameiginlegra lágmarksreglna um réttindi neytenda, sem gilda hvar sem vara er keypt, mun auka

öryggi neytenda og gera þeim kleift að nýta sér innri markaðinn til fulls.

- 6) Helstu erfiðleikar, sem neytendur eiga við að etja og helsta uppspretta deilumála við seljendur, er að vara sé ekki í samræmi við samningsskilmála. Af þeim sökum er við hæfi að samræma, hvað þetta ávarðar, innlend lög um sölu neysluvara, þó án þess að það hafi áhrif á ákvæði og reglur landslaga um samningsbundna og ósamningsbundna ábyrgð.
- 7) Vara verður, framfar öðru, að vera í samræmi við samning. Meginreglan um samræmi við samning finnst í öllum hinum ólíku lagahefðum aðildarríkjanna. Innan tiltekinna lagahefða er ekki hægt að treysta einvörðungu á þessa meginreglu til þess að tryggja lágmarksvernd fyrir neytendur. Þegar um slíka lagahefð er að ræða getur verið hagkvæmt að setja aukaákvæði í landslög til að tryggja vernd neytenda í þeim tilvikum þegar aðilarnir hafa ekki sett ákveðna samningsskilmála eða þegar skilmálar og ákvæði samningsins fella niður eða skerða réttindi neytandans á beinan eða óbeinan hátt; slíkir skilmálar og ákvæði eru ekki bindandi fyrir neytandann ef um er að ræða réttindi sem þessi tilskipun nær yfir.
- 8) Til að auðvelda beitingu meginreglunnar um samræmi við samning getur verið gagnlegt að koma á hrekjanlegri reglu um uppfyllingu skilmála samningsins sem tekur til algengustu tilvika. Slík regla takmarkar ekki meginreglu um samningsfrelsi. Þegar ekki er um að ræða tiltekna samningsskilmála, og í þeim tilvikum þegar ákvæði um lágmarksvernd er beitt, má nota þá þætti sem nefndir eru í þessari reglu til að ákvarða ósamræmi á milli vöru og samnings. Væntingar neytandans um gæði og notagildi ráðast meðal annars af því hvort vörurnar eru nýjar eða notaðar. Þeir þættir sem nefndir eru í reglunni eru hægt vaxandi. Þrátt fyrir að kringumstæður máls valdi því að einhver þáttur verði greinilega óviðeigandi, skulu aðrir þættir engu að síður gilda.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið EB C 307, 16.10.1996, bls. 8. og Stjtið EB C 148, 14.5.1998, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið EB C 66, 3.3.1997, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 1998 (Stjtið EB C 104, 6.4.1998, bls. 30), Sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. september 1998 (Stjtið EB C 333, 30.10.1998, bls. 46) og Ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. desember 1998. (Stjtið EB C 98, 9.4.1999, bls. 226). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. maí 1999. Ákvörðun ráðsins frá 17. maí 1999.

- 9) Seljandi ber beina ábyrgð gagnvart neytandanum á því að vara sé í samræmi við samninginn. Þessi lausn er samkvæmt lagahefðum aðildarríkjanna. Þó skal seljandanum vera frjálst, eins og kveðið er á um í landslögum, að beita úrræðum gegn framleiðandanum, fyrri seljanda í sömu samningakefðu eða öðrum

- milliliðum, nema hann hafi afsalað sér þeim rétti. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á meginregluna um sammingsfrelsi milli seljanda, framleiðanda, fyrri seljanda eða annars milliliðar. Þær reglur um hvaða úrræðum seljandi má beita og gegn hverjum skulu ákvarðaðar af landslögum.
- 10) Þegar vara er ekki í samræmi við samning skal neytandi eiga rétt á, sér að kostnaðarlausu, að vörunni sé komið í samræmi við samninginn, annaðhvort með viðgerð eða að vörunni sé skipt eða, sé ekki hægt að koma þessu við, skal verðið lækkað eða samningnum rift.
  - 11) Í fyrstu atrennu getur neytandinn krafist þess að seljandinn geri við eða skipti vörunni nema slík úrræði séu ógerleg eða óhófleg. Meta ber hlutlægt hvort úrræði sé óhóflegt. Úrræði telst óhóflegt feli það í sér ósamngjarnan kostnað í samanburði við önnur úrræði. Til að hægt sé að ákvarða hvort kostnaður sé ósamngjarn skal kostnaður við annað úrræðið vera verulega hærri en kostnaður við hitt.
  - 12) Þegar ósamræmi er milli vöru og sammings er seljanda alltaf frjálst að leita sátta með því að bjóða neytandanum önnur úrræði sem til greina koma. Það er neytandans að samþykkja eða hafna slíkum tillögum.
  - 13) Til að gefa neytendum tækifæri á að notfæra sé innri markaðinn og kaupa neysluvörur í öðru aðildarríki skal beina þeim tilmælum til framleiðenda neysluvara, sem eru markaðssettar í mörgum aðildarríkum, að þeir láti, af tillitssemi við neytendur, fylgja með vörunni skrá með heimilisfangi að minnsta kosti eins tengiliðar í öllum aðildarríkjum þar sem varan er markaðssett.
  - 14) Vísanir í afhendingartíma fela ekki í sér að aðildarríkin þurfi að breyta reglum sínum varðandi tilfærslu áhættunnar.
  - 15) Aðildarríkin geta kveðið á um að skerða megi endurgreiðslur til neytanda í samræmi við þau not sem hann hefur haft af vörunni frá afhendingartíma hennar. Nánari ákvæði um skilyrði fyrir riftun samminga má setja í landslög.
  - 16) Notaðar vörur eru oft þess eðlis að næsta ómögulegt er að skila þeim eða fá aðrar í staðinn. Af þeim sökum hefur neytandi almennt ekki rétt til að skila slíkum vörum. Hvað slíkar vörur varðar geta aðildarríkin heimilað aðilunum að semja um stytt ábyrgðartímabil.
  - 17) Við hæfi er að ákvarða í hversu langan tíma seljandi er ábyrgur fyrir ósamræmi á milli vöru og sammings, sem er til staðar við afhendingu vörunnar. Aðildarríkin geta einnig sett fyrningarfrest á rétt neytenda til að neyta réttar síns, að því tilskildu að slíkur frestur fýrnist ekki innan tveggja ára frá afhendingartíma. Þegar landslög kveða á um að fyrningarfrestur hefjist ekki við afhendingartíma varanna skal heildarfyrningarfresturinn, sem landslöggin kveða á um, ekki vera styttri en tvö ár frá afhendingartíma.
  - 18) Til að stuðla að vinsamlegu samkomulagi ef um viðgerð, skipti eða samningaumleitanir milli seljanda og neytanda er að ræða geta aðildarríkin, þegar það á við og í samræmi við landslög, kveðið á um frestun eða rof á fyrningarfresti og skal ósamræmi á milli vöru og sammings hafa komið fram á þeim tíma.
  - 19) Aðildarríkjunum skal vera frjálst að ákveða þann frest sem neytandinn hefur til að tilkynna seljanda um hvers konar ósamræmi á milli vöru og sammings. Aðildarríkin geta tryggt aukna neytendavernd með því að setja ekki slík skilyrði. Skulu þó allir neytendur í bandalaginu undantekningarlaust hafa að minnsta kosti tveggja mánaða frest til að láta seljanda vita af ósamræmi milli vöru og sammings.
  - 20) Aðildarríkin skulu sjá til þess að slíkur frestur sé ekki óhagstæður þeim neytendum sem eiga viðskipti yfir landamæri. Öll aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvernig þau beita þessu ákvæði. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með því hvaða áhrif mismunandi beiting þessa ákvæðis hefur á neytendur og innri markaðinn. Upplýsingar um hvernig aðildarríki hafa beitt þessu ákvæði skulu vera aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og neytendum og neytendasamtökum í gjörvöllu bandalaginu. Þess vegna skal birta yfirlit um stöðuna í öllum aðildarríkjum í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna*.
  - 21) Hvað ákveðnar vörutegundir varðar er það almenn venja seljenda og framleiðenda að bjóða ábyrgð vegna vörugalla sem koma í ljós innan ákveðinna tímamarka. Slík venja getur orðið til þess að örva samkeppni. Enda þótt slíkar venjur séu réttmætar aðferðir við markaðssetningu ber að gæta þess að þær villi ekki um fyrir neytendum. Til að forðast villandi upplýsingar til neytenda skal ábyrgð innihalda ákveðnar upplýsingar og skal þar meðal annars koma fram að ábyrgðin hafi ekki áhrif á lagalegan rétt neytandans.
  - 22) Aðilarnir mega ekki gera samkomulag um að réttindi neytenda séu skert eða þeim afsalað þar sem slíkt myndi gera að engu þá lögvernd sem veitt er. Þessi meginregla skal einnig gilda um ákvæði þar sem fram kemur að neytandinn hafi vitað af ósamræmi milli neysluvöru og sammings þegar samningurinn var

gerður. Ekki skal skerða þá neytendavernd sem þessi tilskipun veitir á þeim forsendum að lög þriðja ríkis hafi verið valin sem grundvöllur samningsins.

- 23) Löggjöf og fordæmisréttur í aðildarríkjunum sýna aukna tilhneingingu til að tryggja enn öflugri neytendavernd. Í ljósi þessarar þróunar og reynslunnar sem fæst af framkvæmd þessarar tilskipunar getur reynst nauðsynlegt að gera ráðstafanir um viðtækari samhæfingu, einkum með því að kveða á um beina bótaskyldu framleiðanda vegna vörugalla sem eru á hans ábyrgð.
- 24) Aðildarríkjunum skal frjálst að samþykka eða halda í gildi strangari ákvæðum á því sviði sem þessi tilskipun nær til með það fyrir augum að tryggja enn öflugri neytendavernd.
- 25) Samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem skulu annast sáttaumleitanir utan dómstóla í deilumálum á sviði neytendamála <sup>(1)</sup>, geta aðildarríkin komið á fót stofnunum sem tryggja óhlutdræga og skilvirka meðferð kærumála bæði innanlands og milli landa og sem nýtast neytendum sem milligönguáðilar.
- 26) Til að gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda skal bæta þessari tilskipun við skrá yfir tilskipanir í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til að gæta hagsmuna neytenda <sup>(2)</sup>.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Gildissvið og skilgreiningar

1. Markmið þessarar tilskipunar er að samræma lög, reglugerðir og stjórnslufyrirmæli aðildarríkjanna hvað varðar ákveðna þætti við sölu neysluvara og tilheyrandi ábyrgðir svo að hægt sé að tryggja samræmdan lágmarksstaðal fyrir neytendavernd innan vébanda innri markaðarins.
2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - a) *neytandi*: einstaklingur sem í samningum, er þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðru skyni en vegna starfs síns;
  - b) *neysluvara*: allir efnislegir lausamunir aðrir en:
    - vörur seldar nauðungarsölu eða með annars konar lagaheimild,
    - vatn og gas, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni,

– rafmagn;

- c) *seljandi*: einstaklingur eða lögaðili sem, samkvæmt samningi, selur neysluvörur í starfi sínu;
- d) *framleiðandi*: sá sem framleiðir neysluvöru, innflytjandi neysluvöru inn á yfirráðasvæði bandalagsins eða hver sá aðili sem gefur sig út fyrir að vera framleiðandi með því að setja nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni á neysluvöruna;
- e) *ábyrgð*: allar skuldbindingar seljanda eða framleiðanda gagnvart neytandanum, án aukagreiðslu, um að endurgreiða kaupverð, skipta, gera við neysluvöru eða á annan hátt ráða bót á göllum hennar sé hún ekki í samræmi við lýsingu í ábyrgðarskírteinum eða auglýsingar um vöruna;
- f) *viðgerð*: að færa neysluvöru til samræmis við samning hafi verið um ósamræmi að ræða.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að skilgreiningin „neysluvara“ eigi ekki við um notaðar vörur sem eru seldar á almennu uppboði þar sem neytendur hafa tækifæri til að vera viðstaddir.

4. Samningar um afhendingu neysluvöru til framleiðslu skulu einnig teljast sölusamningar að því er þessa tilskipun varðar.

##### 2. gr.

#### Samræmi við samning

1. Vara sem seljandi afhendir til neytanda skal vera í samræmi við sölusamning.
2. Neysluvörur teljast vera í samræmi við samning ef þær:
  - a) eru í samræmi við lýsingu seljandans og hafa til að bera eiginleika þeirra vara sem seljandinn hefur sýnt neytandanum sem sýnishorn eða fyrirmyndir;
  - b) henta þeim markmiðum sem neytandinn hyggst ná með þeim og sem hann gerði seljandanum ljós þegar samningur var gerður og seljandinn samþykkti;
  - c) henta til þeirra nota sem vörur af sömu tegund henta almennt til;
  - d) hafa til að bera þau gæði og nothæfi sem eru vanaleg í vörum af sama tagi, og sem neytandinn getur með nokkurri sanngirni vænst af henni, að teknu tilliti til eiginleika vörunnar og þeirra almennu upplýsinga um hana sem seljandinn, framleiðandinn eða fulltrúar hans hafa sett fram, sérstaklega í auglýsingum og vörumerkingum.
3. Hvað ákvæði þessarar greinar varðar skal ósamræmi ekki teljast vera til staðar ef neytandanum var kunnugt, eða gat tæpast verið ókunnugt, um ósamræmið eða ef ósamræmið á rætur sínar að rekja til efnis sem neytandinn lagði til.

(1) Stjtuð EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

(2) Stjtuð EB L 166, 11.6.1998, bls. 51.

4. Seljandinn skal ekki vera bundinn af almennum upplýsingum, eins og um getur í d-lið 2. mgr., ef hann:

- sýnir fram á að hann vissi ekki og gat tæpast vitað um upplýsingarnar sem um ræðir,
- sýnir fram á að upplýsingarnar hafi verið leiðréttar þegar samningurinn var gerður,
- sýnir fram á að upplýsingarnar hafi ekki getað haft áhrif á ákvörðunina um kaup á neysluvörinni.

5. Ósamræmi sem upp kemur vegna rangrar uppsetningar neysluvöru skal teljast jafngilt ósamræmi sem upp kemur vegna vöru þar sem uppsetning er innifalin í sölusamningi og varan er sett saman af seljandanum eða á hans ábyrgð. Þetta gildir einnig ef neytandinn setur vöru, sem ætluð er til samsetningar af neytanda, rangt saman vegna galla í leiðbeiningum.

3. gr.

#### Réttindi neytandans

1. Seljandinn skal bera ábyrgð gagnvart neytandanum á öllu ósamræmi sem var til staðar þegar varan var afgreidd.

2. Þegar um ósamræmi er að ræða skal neytandinn eiga rétt á því að varan sé færð til samræmis við samninginn honum að kostnaðarlausu með viðgerð eða skiptum í samræmi við 3. mgr., eða að verð vörunnar sé lækkað um viðeigandi upphæð eða samningi rift, í samræmi við 5. og 6. mgr.

3. Til að byrja með er neytanda heimilt að krefjast þess af seljanda að hann geri við vöruna eða að hann skipti henni, í báðum tilvikum neytanda að kostnaðarlausu, nema slíkt sé ógerlegt eða óhóflegt.

Krafa um viðgerð eða skipti telst óhófleg ef hún verður til þess að á seljanda falli kostnaður sem er óviðunandi í samanburði við önnur úrræði að teknu tilliti til eftirfarandi:

- verðmætis vörunnar ef ekki væri um ósamræmi að ræða,
- mikilvægis ósamræmisins, og
- hvort notast mætti við önnur úrræði án þess að valda neytandanum verulegum óþægindum.

Allar viðgerðir og skipti skulu fara fram innan sanngjarnra tímamarka og án verulegra óþæginda fyrir neytandann, með hliðsjón af eðli vörunnar og áformum neytandans varðandi hana.

4. Skilgreiningin „að kostnaðarlausu“ í 2. og 3. mgr. vísar til nauðsynlegs kostnaðar við að færa vöru til samræmis við samning, sérstaklega póst-, vinnu- og efniskostnaðar.

5. Neytandi getur farið fram á viðeigandi verðlækkun eða riftun samnings ef:

- neytandinn á hvorki rétt á viðgerð né skiptum,
- seljandinn hefur ekki brugðist við kvörtuninni innan sanngjarnra tímamarka, eða

– seljandinn hefur ekki brugðist við kvörtuninni nema með verulegum óþægindum fyrir neytandann.

6. Neytandinn hefur ekki rétt til að rifta samningi ef um lítils háttar ósamræmi er að ræða.

4. gr.

#### Kröfuréttur

Þegar lokaseljandi ber ábyrgð, gagnvart neytanda, á ósamræmi sem til er komið vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis framleiðanda, fyrri seljanda í sömu samningakeðju eða annars milliliðar skal lokaseljandi hafa rétt til að beita úrræðum gegn þeim einstaklingi eða einstaklingum innan samningakeðjunnar sem bera ábyrgðina. Ákvörðun um gegn hvaða ábyrgum einstaklingum lokaseljandanum leyfist að beita úrræðum ásamt viðeigandi aðgerðum og skilmálum við framkvæmd skal taka samkvæmt landslögum.

5. gr.

#### Frestir

1. Seljandi skal teljast ábyrgur samkvæmt 3. gr. ef ósamræmið kemur fram innan tveggja ára frá afgreiðslu vörunnar. Ef þau réttindi, sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., heyrja samkvæmt landslögum undir fyrmingarfrest skal sá frestur ekki renna út innan tveggja ára frá afgreiðslu vörunnar.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að til þess að njóta réttinda sinna þurfi neytandinn að láta seljandann vita af ósamræmi innan tveggja mánaða frá því að hann tók fyrst eftir slíku ósamræmi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu þessarar málsgreinar. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með þeim áhrifum sem þessi valmöguleiki aðildarríkjanna hefur á neytendur og innri markaðinn.

Eigi síðar en 7. janúar 2003 skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu um beitingu aðildarríkjanna á þessari málsgrein. Skýrsluna skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna*.

3. Nema annað sé sannað skal gera ráð fyrir að ósamræmi sem kemur í ljós innan sex mánaða frá afgreiðslu vörunnar hafi verið til staðar við afgreiðslu nema að það álit sé í ósamræmi við eðli vörunnar eða eðli ósamræmisins milli vörunnar og samningsins.

6. gr.

#### Ábyrgðir

1. Ábyrgð skal vera lagalega bindandi fyrir ábyrgðar-gjafann samkvæmt þeim skilyrðum sem ábyrgðarskírteinið og tilheyrandi auglýsingar kveða á um.

2. Í ábyrgðarskilmálunum skal:

- koma fram að neytandinn hafi lögboðin réttindi samkvæmt gildandi ákvæðum landslaga um sölu neysluvara og taka fram að ábyrgðin hafi ekki áhrif á þessi réttindi,
- setja fram á skýru, skiljanlegu máli efnisinnihald ábyrgðarskilmálanna og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera kröfu samkvæmt ábyrgðarskilmálunum, einkum gildistíma og landfræðilegt gildissvið ábyrgðarinnar auk nafns og heimilisfangs ábyrgðaraðilans.

3. Ef neytandi æskir þess skal honum látin í té ábyrgðin skriflega eða á öðru varanlegu formi sem hann hefur aðgang að.

4. Innan síns yfirráðasvæðis getur aðildarríkið þar sem neysluvaran er markaðssett, í samræmi við sáttmálann, ákveðið að ábyrgðin sé samin á einu eða fleiri opinberum tungumálum bandalagsins.

5. Ef ábyrgðin brytur í bága við kröfur 2., 3. eða 4. mgr. skal það ekki hafa áhrif á lögmati ábyrgðarinnar og neytandinn skal enn geta treyst á ábyrgðina og krafist þess að hún sé í heiðri höfð.

7. gr.

#### **Bindandi eðli ákvæðanna**

1. Allir samningsskilmálar eða samningar, sem gerðir hafa verið við seljanda áður en honum er bent á ósamræmi og sem beint eða óbeint skerða eða fella niður þau réttindi sem þessi tilskipun kveður á um, skulu, eins og landslög kveða á um, ekki vera bindandi fyrir neytandann.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þegar um notaða vöru er að ræða geti seljandi og neytandi gert samkomulag um samningsákvæði eða skilmála sem kveða á um styttri frest varðandi ábyrgð seljandans en kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. Slíkur frestur má ekki vera skemmri en eitt ár.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytendur séu ekki sviptir þeirri vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun sem afleiðing af því að hafa kosið að setja samninginn undir lög þriðja lands þegar samningurinn hefur nána tengingu við yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

8. gr.

#### **Innlend lög og lágmarksvernd**

1. Réttindunum, sem þessi tilskipun kveður á um, skal beitt án þess að þau hafi áhrif á önnur réttindi sem neytandinn getur skírskotað til samkvæmt innlendum reglum um samningsbundna og ósamningsbundna ábyrgð.

2. Aðildarríkjum er frjálst að samþykkja eða halda í gildi strangari ákvæðum, sem samrýmast sáttmálanum, á því sviði sem þessi tilskipun nær til í því augnamiði að tryggja neytendum fyllri vernd.

9. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að upplýsa neytendur um landslög, sem varða lögleiðingu þessarar tilskipunar, og skulu, þegar það á við, hvetja fagfélög til þess að upplýsa neytendur um rétt sinn.

10. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka við tilskipun 98/27/EB:

„10. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).“

11. gr.

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun, eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem þessi tilskipun tekur til.

12. gr.

#### **Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7. júlí 2006, endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu. Í skýrslunni skal meðal annars skoða þörfina fyrir að koma á beinni ábyrgð framleiðanda og skýrslunni skulu, ef þörf krefur, fylgja tillögur.

13. gr.

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 25. maí 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. EICHEL

forseti.